

18. ágúst **96** Er sú upphæð nú kr. 1842.60 — átján hundruð fjörutíu og tvær krónur og sextíu aurar —. Skal svo og verða, að árlegur tekjuafgangur félagsins ásamt gjöfum og áheimum, sem sjóðnum kynni að áskotnast, ganga til eflingar honum, auk árlegra vaxta.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja félagsmenn með lánum:

1. Til búnaðarframkvæmda.
2. Til eflingar sjávarútvegi.
3. Ungu fólki til menntunar.

Lán þessi skulu veitt eftir þeim útlánsreglum, sem aðalfundur félagsins setur fyrir sjóðinn.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í umsjá Bændafélagsins Vonin. Reikningsár hans sé almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af tveimur mönnum kjörnum af aðalfundi félagsins.

Það af fé sjóðsins, sem ekki er í útlánum, skal ávaxta þar sem hentast þykir, að öðru jöfnu þó í Sparisjóði Önundarfjarðar, á meðan ekki er kominn tryggur sparisjóður innan Mosvallahrepps.

5. gr.

Fækki meðlimum Bændafélagsins Vonin, svo að ekki verði eftir 10, skal það teljast hætt störfum, og skal þá hreppsnefnd Mosvallahrepps taka sjóðinn í sína umsjá og verja til styrktar hreppsþúum á sama hátt og að framan greinir.

26. janúar 1934.

Hólmgeir Jensson
(formaður).

Stefán Pálsson
(ritari).

Guðmundur Bjarnason
(féhirðir).

97

27. ágúst

REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiði í landhelgi á svæðinu frá Gerpisflös
að Vattarnestanga í Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur (Snurrevot), til fiskveiða í landhelgi fyrir innan línu frá Vattarnestanga til Gerpisflasar á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember 1934. Bann þetta nær jafnt

til allra skipa og báta, sem sliik veiðarfæri nota. Þó skal eigendum og nothöfum 97 jarða þeirra, er að sjó liggja á bannsvæðinu, heimilt að nota ádráttarnætur og 27. ágúst draga þær á land.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða þeim sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. september 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum til 14. maí 1937, samkvæmt lögum nr. 15 31. maí 1927.

98

30. ágúst

1. Reykjavíkurkaupstaður:

Til fullra	4 ára	aldurs	kr.	480.00	á	ári.
— —	9 —	— —	—	400.00	— —	
— —	14 —	— —	—	480.00	— —	
— —	16 —	— —	—	300.00	— —	

2. Hafnarfjarðarkaupstaður:

Til fullra	4 ára	aldurs	kr.	400.00	á	ári.
— —	9 —	— —	—	320.00	— —	
— —	14 —	— —	—	400.00	— —	
— —	16 —	— —	—	200.00	— —	

3. Gullbringusýsla:

Til fullra	4 ára	aldurs	kr.	400.00	á	ári.
— —	9 —	— —	—	320.00	— —	
— —	14 —	— —	—	400.00	— —	
— —	16 —	— —	—	200.00	— —	